

Minnisblað vegna erindis um sölueiningar innan „tollfrjálsrar girðingar“

Með bréfi Reykjavíkurborgar dags. 25. mars s.l. var erindi Einars Þórs Einarssonar f.h. Icecard ehf. vísað til stjórnar Faxaflóahafna sf., en í erindinu er viðruð hugmynd um að koma fyrir litlum sölueiningum innan tollfrjálsrar girðingar og selja þar íslenskt handverk. Verkefnið yrði útfært í 15 – 20 húsum á stærri höfnum en 5 – 10 húsum í smærri höfnum.

Leitað var eftir upplýsingum um reglur hvað þetta varðar hjá Tollstjóra og kom ar m.a. eftirfarandi fram: Í tollalögum nr. 88 frá 2005 er kveðið á um að tollstjóra sé heimilt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að veita lögaðilum heimild til að reka tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum eða höfnum. Fyrirkomulag þetta þekkist best í Flugstöð Leif Eiríkssonar og vegna millilandaflugs á Reykjavíkflugvelli. Til þess að öðlast slíkt leyfi þarf að sækja um til tollstjóra, en í 104. grein tollalaga segir: „*Eingöngu er heimilt að selja farþegum og áhöfnum millilandafara á leið úr landi vörur úr tollfrjálsri verslun. Sala skal eingöngu heimil gegn framvísun brottfararspjalds. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur [tollstjóri]¹⁾ heimilað leyfishafa að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun. Slík verslun skal sérstaklega afmörkuð og eingöngu aðgengileg fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins.*“

Sú hugmyndafræði sem sett er fram í erindi Icecard ehf. er ekki að fullu mótuð. Nokkur atriði er nauðsynlegt að hafa í huga hvað þetta veurðar:

- a) Utilokað er að nýta hafnarbakka innan ISPS girðingar í þessu skyni m.a. vegna öryggismála, annarrar skipaumferðar en skemmtiferðaskipa o.fl.
- b) Afgirt smáhýsasvæði með fríhafnarleyfi við hlið núverandi þjónustumiðstöðvar á Skarfabakka kallar á deiliskipulagsbreytingu. Úthlutun slíkrar lóðar yrði eflaust að auglýsa.
- c) Vegna komu skemmtiferðaskipa hefur fremur verið lögð áhersla á samgöngur milli Skarfabakka og miðborgar í stað þess að opna fyrir almenna eða tollfrjálsa verslun á Skarfabakka.
- d) Við frekari uppsetningu á söluaðstöðu við Skarfabakka þarf að skoða staðsetningu, umfang og fleira áður en útbúin er lóð fyrir slíka tímabundna starfsemi.
- e) Ekki liggur fyrir hvaða kröfur tollstjóri gerir til umsækjenda um fríhafnarrekstur á hafnarsvæðum.
- f) Tekjur Faxaflóahafna sf. yrðu fyrst og fremst fólgnar í lóðarleigu, en ólíklegt er að sala á rafmagni skili afkomu miðað við stofnkostnað.

Eins og fram kemur í erindi Icecard ehf. er óskað eftir viðræðum um málið með nánari útfærslu í huga – og slíkt sjálfsagt ef áhugi er á að skoða málið af alvöru, en með þeim fyrirvara að hugmyndir bréfitara verði mun betur útfærðar auk þess sem skoða þarf áhrif hugmyndarinnar á aðra verslun í grenndinni og miðborginni sem ekki nýtur tollfríðinda annarra en samkvæmt reglum um virðisaukaskatt.

Reykjavík 29. maí 2013
Gísli Gíslason, hafnarstjóri